

GJALDSKRÁ

Hrunaljós

1.gr.

Almennt

Verðskrá þessi gildir fyrir starfssvæði Hrunaljóss í Hrunamannahreppi. Virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætist við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.

2.gr.

Áskriftargjald

Mánaðarlegt áskriftargjald er kr. 3.605,- + vsk.

3.gr.

Gjöld fyrir breytingar

Ef færa þarf heimtaug notanda í kerfismiðju Hrunaljóss frá einu porti yfir í annað, t.d. frá fjarskiptabúnaði fjarskiptafélags yfir í fjarskiptabúnað annars félags er innheimt breytingagjald að upphæð kr. 4.420,- + vsk og greiðir það fjarskiptafélag gjaldið sem óskar eftir breytingunni.

4.gr.

Tengigjald nýrra notenda

Dreifbýli: Fyrir nýja tengingu greiðist einskiptisgjald kr. 41.202,- + vsk auk raunkostnaðar við að leggja ljósleiðara frá stofnstreng að tengistað.

Þéttbýli: Fyrir nýja tengingu í þéttbýlinu á Flúðum greiðist kr. 41.202,- + vsk.

Heimilt er að jafna út kostnaði í sumarhúsahverfum þannig að hver tengistaður greiði sama gjald óháð raunkostnaði.

5.gr.

Leiga á ljósþráðum innan kerfisins

Fjarskiptafélögum stendur til boða að leigja ljósþræði til annarra nota en tengingu endanotenda. Vegalengdir miðast við loftlínu á milli staða. Miðað er við að ekki þurfi að gera breytingar á streng. Ef gera þarf breytingar þá bætist tíma- og tækjakostnaður í samræmi við umfang breytinga. Að öðru leiti er ekkert stofn- eða upphafsgjald vegna leigu. Öll verð eru án vsk.

Leigugjald fyrir ljósleiðaraþræði í streng er eftirfarandi:

Fjöldi þráða	kr./km á mánuði
1	7.785,-
2	9.729,-
3	11.674,-
4	13.621,-

6.gr.

Aðstöðuleiga í tækjarymi á Flúðum

Fjarskiptafélögum sem nýta sér aðgangskerfi Hrunaljóss stendur til boða að leigja aðstöðu fyrir fjarskiptabúnað í tækjarymi á Flúðum skv. neðan greindu:

1 skáparými	kr. 50.959,- pr mánuð auk vsk
½ skáparými	kr. 25.479,- pr. mánuð auk vsk

Hrunaljós getur útvegað aðgang að 230V rafmagni og greiðir leigjandi fyrir því sem næst raunnotkun á rafmagni.

7.gr.

Önnur ákvæði.


Hrunaljós leggur ljósleiðara að tengistað en útvegar ekki endabúnað til notkunar.

Stofngjöld verða innheimt þegar framkvæmdir byrja en heimilt er að dreifa greiðslu þeirra í 8 mánuði.

Gjaldskrá þessi var kynnt og samþykkt í Veitu- og framkvæmdanefnd þann 4. nóvember og síðan samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 4. desember 2025 og tekur gildi 1. janúar 2026 og fellur þá úr gildi eldri gjaldskrá frá 1. janúar 2025.

Hrunamannahreppur 5. desember 2025

f.h. Hrunaljóss


Aldis Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri



Sveitarstjórnin í
Hrunamannahreppi